

Reykjavík, 8. október 2012.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld. (101.mál)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér margvíslegar breytingar tengdar skattfrákvæmd.

Viðskiptaráð hefur lengi talað fyrir því að skattkerfið hérlendis verði einfaldað og að samkeppnishæfni Íslands verði betur tryggð í því tilliti. Frumvarp þetta er í anda slíkra áherslna þar sem markmiðið er að einfalda verklag, bæta upplýsingagjöf og auka skilvirkni – eitthvað sem þjónar sameiginlegum hagsmunum skattfirvalda og skattgreiðenda. Má þar einkum nefna nettóskattinn í 2. gr. (sem mætti vera fyrirmynd frekari breytinga), breytta gjalddaga tryggingagjalds í 7. gr., einfaldari frákvæmd vegna erfðafjárskatts í 9. gr. og bættu skilgreiningu vegna álagningar tókbaksgjalds í 10. gr.


Undirritaður hefði þó viljað að gengið yrði lengra enda ljóst að umtalsvert fleiri tæknilegar ambögur er að finna í kerfinu sem kostar bæði tíma og fjármagn að viðhalda án þess þó að ávinningur í formi aukinna skatttekna sé augljós. Má þar nefna reglur um skattlagningu fámennra félaga, breyttar frádráttareglur vegna arðs og söluhagnaðar og afdráttarskatt á vaxtagreiðslur til erlendra aðila. Um þessi atriði er ítarlega fjallað í skýrslu VÍ og SA frá árinu 2010 - [Skattkerfi atvinnulífsins](#).¹

Hvað varðar 5. gr. frumvarpsins hefur áður verið bent á vandkvæði svokallaðra milligönguaðila í verðbréfavíðskiptum er snúa að stofnverði hlutabréfanna hjá seljanda, sem milligönguaðilarnir hafa sjaldnast upplýsingar um. Viðkomandi greiðandi (kaupandi bréfanna eða milligönguaðili) á því erfitt um vik með að ákvarða rétta fjárhæð til að halda eftir og skila í ríkissjóð.² Með 6. gr. frumvarpsins verður skattfyrirvöldum þó gert auðveldar að stemma af hvort réttum fjárhæðum sé skilað og þau geta þá sótt það sem uppá vantar til viðkomandi greiðanda skattsins, enda bera skilaskyldir aðilar eðlilega ekki ábyrgð á greiðslu skatts umfram þá fjárhæð sem þeir fá réttilega í hendur.³ Hafandi þá auknu upplýsingagjöf til RSK í huga, sem leiðir af 6. gr., má velja því upp hvort skylda milligönguaðila til að halda eftir staðgreiðslu sé í raun ekki orðinn óþörf.

Þá telur undirritaður að rétt sé að fresta gildistöku ofangreindrar 6. gr. frumvarpsins umfram önnur ákvæði. Nefndin mætti þó skoða það sérstaklega hvort ekki væri rétt að fresta gildistöku ákvæðisins fram yfir fyrsta greiðslutímabil skattsins, þ.e. 1. apríl næstkomandi til að gefa RSK og skilaskyldum aðilum rúman tíma til að aðlaga tölvakerfi sín. Nú eru aðeins tæpir 3 mánuðir þar til ákvæðinu er ætlað að taka gildi og óvíst er hvenær frumvarp þetta verður að lögum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga en hvetur nefndina til að skoða sérstaklega 5. og 6. gr. frumvarpsins.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarfrákvæmdastjóri
Viðskiptaráð Íslands

¹ Fjallað er frekar um tillögurnar og tengd mál [hér](#) og [hér](#).

² Sjá nánar umsögn VÍ við [653. þingmál](#) á síðasta löggjafarþingi.

³ Sjá 12. gr. [laga um staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum](#) nr. 94/1996